

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 12/2023

frá 3. febrúar 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1252 frá 19. júlí 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/408 til að uppfæra skrána yfir efni sem ráðgert er að skipta út ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1443 frá 31. ágúst 2022 um að samþykkja ekki kalsíumprópiónat sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1444 frá 31. ágúst 2022 um að samþykkja ekki svarta sápu E470a sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1468 frá 5. september 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu penflúfeni og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/185 ⁴.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1474 frá 6. september 2022 um endurnýjun á samþykki fyrir áhættulitla virka efninu kindamör, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁵⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 191, 20.7.2022, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 227, 1.9.2022, bls. 123.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 227, 1.9.2022, bls. 125.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 231, 6.9.2022, bls. 101.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 232, 7.9.2022, bls. 3.

- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1480 frá 7. september 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 2-fenýlfenól (þ.m.t. sölt þess, s.s. natríumsalt), 8-hýdroxýkínólín, amíðósúlfúrón, bensúlfúrón, bífenox, klórmekvat, klórótólúrón, klófentesín, klómasón, damínósíð, deltametrín, díkamba, dífenókónasól, díflúfeníkan, dímetaklór, esfenvalerat, etófenprox, fenoxapróp-P, fenprópídín, fenyprasamín, flúdíoxóníl, flúfenaset, flúmetralín, fosfíasat, lenasíl, MCPA, MCPB, níkósúlfúrón, paraffínolíur, paraffínolíu, penkónasól, píklóram, próhexadíón, própakvisafóp, prósúlfókarb, kvisalófóp-P-etýl, kvisalófóp-P-tefúryl, natríum-5-nítrógvæjakólat, natríum-o-nítrófenólat, natríum-p-nítrófenólat, brennistein, tebúfenpýrað, tetrakónasól, tríallat, tríflúsúlfúrón og trítósúlfúrón ⁽⁶⁾.
- 7) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1468 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/185 ⁽⁷⁾ sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 8) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„– **32022 R 1468:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1468 frá 5. september 2022 (Stjtið. ESB L 231, 6.9. 2022, bls. 101),

– **32022 R 1474:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1474 frá 6. september 2022 (Stjtið. ESB L 232, 7.9. 2022, bls. 3),

– **32022 R 1480:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1480 frá 7. september 2022 (Stjtið. ESB L 233, 8.9. 2022, bls. 43).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13zzzzt (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/408):

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 233, 8.9.2022, bls. 43.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 34, 8.2.2018, bls. 13.

„– **32022 R 1252:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1252 frá 19. júlí 2022 (Stjtið. ESB L 191, 20.7.2022, bls. 41).“

3. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzzzzp (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/751):

„13zzzzzzzzzzzzq. **32022 R 1443:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1443 frá 31. ágúst 2022 um að samþykkja ekki kalsíumprópiónat sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 227, 1.9.2022, bls. 123).

13zzzzzzzzzzzzr. **32022 R 1444:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1444 frá 31. ágúst 2022 um að samþykkja ekki svarta sápu E470a sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 227, 1.9.2022, bls. 125).

13zzzzzzzzzzzzs. **32022 R 1474:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1474 frá 6. september 2022 um endurnýjun á samþykki fyrir áhættulitla virka efninu kindamör, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 232, 7.9.2022, bls. 3).“

4. Undirliður 249 (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/185) í lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011) fellur á brott.

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2022/1252, (ESB) 2022/1443, (ESB) 2022/1444, (ESB) 2022/1468, (ESB) 2022/1474 og (ESB) 2022/1480, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.